

Mánudagur, 30. september, 2019

Ákvörðun nr. 30/2019

Erindi Landsvirkjunar vegna sölu á ótryggri orku til fyrirtækja í fiskþurrkun á köldum svæðum

I.

Samkeppniseftirlitinu barst bréf frá Landsvirkjun, dags. 26. apríl 2019, þar sem fram kom að fyrirtækið hefði hug á að gera samninga við sölufyrirtæki um sölu á ótryggu rafmagni til fyrirtækja sem starfi við fiskþurrkun á s.k. köldum landsvæðum. Það yrði gert í þeim tilgangi að viðkomandi endanotendur fengju notið raforku á lægra verði en gengur og gerist í almennum heildsölusamningum og væru tilbúnir að undirgangast ákveðin skilyrði sem sala á ótryggu rafmagni fæli í sér.

Í bréfi Landsvirkjunar kom fram að af framangreindum samningum leiddi að frelsi viðkomandi smásala til sölu á umræddu ótryggu rafmagni yrði skert. Telur Landsvirkjun hugsanlegt að samningarnir gætu að þessu leyti falið í sér óbeina markaðsskiptingu. Verðlagning rafmagnsins til endanotanda yrði eftir sem áður alfarið í höndum smásalanna og Landsvirkjun myndi eðli málsins samkvæmt engin afskipti hafa af henni.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til Landsvirkjunar, dags. 8. ágúst sl., kom fram að það væri óljóst að mati eftirlitsins hvort líta mætti á framangreint bréf Landsvirkjunar sem beiðni um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga. Bent var á að til þess að undanþága sé veitt á grundvelli 15. gr. sl. þurfi þeir aðilar sem eigi í samstarfi sem bannákvæði 10. og 12. gr. taka til að óska sjálfir eftir undanþágu frá ákvæðunum. Það feli í sér þá grundvallarforsendu að aðilar telji sjálfir að í umræddu samstarfi þeirra felist samkeppnishindrun sem fari í bága við ákvæði 10. eða 12. gr. samkeppnislaga. Hins vegar sé það einnig mat málsaðila að uppfyllt séu skilyrði til að veita samstarfinu undanþágu með vísan í 15. gr. samkeppnislaga. Fram kom í umræddu bréfi Samkeppniseftirlitsins að til þess að eftirlitið taki afstöðu til þess hvort undanþáguákvæði 15. gr. séu uppfyllt þurfi að berast ósk þar um frá málsaðilum.

Samkeppniseftirlitinu barst nýtt bréf frá Landsvirkjun, dags. 6. september 2019, þar sem óskað var eftir undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í bréfi Landsvirkjunar kemur fram að félagið hafi upphaflega staðið eitt að erindinu en ástæða þess hafi mátt rekja til þess að það væri endanotandi, í þessu tilviki fiskþurrkunarfyrirtæki

á köldum svæðum, sem veldu sér smásölufyrirtæki til að eiga viðskipti við. Ætlun Landsvirkjunar hafi því verið sú að óska eftir undanþágu fyrir þetta sölufyrirkomulag, óháð því hver viðsemjandinn væri hverju sinni. Í ljósi tilmæla Samkeppniseftirlitsins hafi Orkusölnunni ehf. verið gerð grein fyrir erindinu og að Landsvirkjun vænti þess að fyrirtækið myndi senda erindi til Samkeppniseftirlitið í tilefni af beiðninni. Það sé gert í ljósi þess að sem stendur væri Orkusalan eini smásalinn sem væri með samning af þeim toga sem hér um ræddi.

Með bréfi Landsvirkjunar fylgdu m.a. drög að samningi um sölu á ótryggðu rafmagni til fiskþurrkunarfyrirtækja á köldum svæðum og samningur um sölu á rafmagni til fjarvarmaveitna vegna ársins 2019.

Samkeppniseftirlitinu barst bréf frá Orkusölnunni, dags. 11. september 2019, þar sem fram kemur að félagið sé, í ljósi tilmæla Samkeppniseftirlitsins um aðkomu viðsemjenda að málinu, aðili að undanþágubeiðninni sem um ræðir. Tekur Orkusalan fram að eins og staðan sé í dag sé fyrirtækið með samning við Landsvirkjun vegna eins viðskiptavinar utan opinberra aðila um rafhitum á vatni til húshitunar á köldum svæðum. Fylgdi afrit af framangreindum samningi með bréfi Orkusölnunnar. Er samningurinn með þriggja mánaða gildistíma og rennur út þann 30. september 2019. Tekur Orkusalan fram að af efni þessa tiltekna samnings megi sjá að hann sé ekki háður sömu takmörkun og það fyrirkomulag sem Landsvirkjun óski nú eftir að setja, þ.e. að sala á ótryggri orku verði bundin við fiskþurrkunarfyrirtæki á köldum svæðum. Hafi verið óskað eftir slíkum samningi við Landsvirkjun að beiðni viðkomandi viðskiptavinar Orkusölnunnar og hafi hann byggt alfarið á viðskiptalegum forsendum. Komi til þess að viðkomandi viðskiptavinur Orkusölnunnar, eða aðrir, óski áfram eftir slíkri þjónustu frá Orkusölnunni muni fyrirtækið óska eftir áframhaldandi samningi við Landsvirkjun um kaup á slíkri vöru. Landsvirkjun muni þá að öllum líkindum taka afstöðu til beiðninnar á grundvelli þess fyrirkomulags sem fyrirtækið muni þá hafa á slíkum samningum verði það samþykkt af hálfu Samkeppniseftirlitsins. Tekur Orkusalan fram að það sé jafnframt alfarið ákvörðun smásalans, líkt og Landsvirkjun bendir á, að ákveða endanlegt smásöluverð til viðkomandi viðskiptavinar.

II.

Í framangreindu bréfi Landsvirkjunar, dags. 6. september 2019, kemur fram að félagið hafi boðið upp á samninga um sölu á svokölluðu ótryggu rafmagni um áratuga skeið. Með ótryggu rafmagni sé nánar tiltekið átt við rafmagn í vinnslukerfinu sem sé umfram það sem unnt sé að framleiða og afhenda með öruggum hætti á hverjum tíma. Magn ótryggs rafmagns ráðist af vatnsstöðu í lónum, rennsli til vatnsaflsstöðva Landsvirkjunar, virkni stöðva og búnaðar og fleiri þáttum. Samkvæmt skilmálum um sölu á ótryggu rafmagni sé unnt að skerða afhendingu með skömmum fyrirvara, ótímabundið og án allrar ábyrgðar vegna rofa eða hugsanlegs tjóns. Vegna þessa eðlis ótryggs rafmagns hafi Landsvirkjun sett það að skilyrði fyrir sölu að kaupendur búi yfir varaafli sem grípa megi til við skerðingu eða að staða kaupenda sé af öðrum ástæðum slík að þeir þoli skerðingu. Sala á ótryggu rafmagni sé að þessu leyti frábrugðin sölu á s.k. forgangsorku en þar sé átt við rafmagn sem sé afhent nær undantekningalaust allt árið um kring, nema óviðráðanleg öfl geri það að verkum að draga þurfi úr framboði.

Fram kemur að Landsvirkjun afli meginhluta þess rafmagns sem félagið selji með vinnslu í vatnsorkuverum, sem séu mjög háð innrennsli á vatni, sem sé bæði árstíðabundið og háð úrkomu og jöklabráðnun og geti verið mjög misjafnt milli ára. Auk þess að miðla vatni gegnum miðlunarlón sín, til að jafna afhendingu rafmagnsins, hafi Landsvirkjun í stórnotendasamningum sínum boðið skilmála sem geri ráð fyrir skerðingum á afhendingu til stórnotenda í þurrum vatnsárum. Sala Landsvirkjunar á ótryggu rafmagni til sölufyrirtækja sé af sama toga og sé ætlað að nýta betur þær auðlindir sem vatnsorkan bjóði upp á.

Með sölu á ótryggu rafmagni hafi Landsvirkjun allt frá upphafi fyrst og fremst verið að nýta umframorku úr vinnslukerfi fyrirtækisins og koma þannig í veg fyrir að vatn renni ónýtt til sjávar og ennfremur til að draga úr mengun af völdum notkunar olíu til ýmiss konar hitunar. Hafi Landsvirkjun í þessu skyni gengið frá samningum um sölu á ótryggri raforku til fjarvarmaveitna en fyrstu samningar muni hafa verið gerðir á árinu 1978. Á árinu 1991 hafi síðan verið gengið frá nýjum afhendingarskilmálum um sölu á ótryggu rafmagni, sem raunar hafi verið að óverulegu leyti frábrugðnir fyrri skilmálum. Fyrirkomulag umræddra samninga hafi að jafnaði verið með þeim hætti að Landsvirkjun seldi raforku til sölufyrirtækis dreifiveitu sem síðan hafi gert samninga við endanotendur. Samningarnir hafi verið undirritaðir af öllum umræddum aðilum. Þótt ótrygga rafmagnið hafi fyrst og fremst verið ætlað til húshitunar, og að stærstum hluta nýtt til þeirra þarfa, þá hafi verið dæmi þess fyrir markaðsvæðingu raforkukerfisins að aðrir endanotendur, svo sem iðnaðarfyrirtæki, skólar og sundlaugar, hafi keypt rafmagn á grundvelli fjarvarmaveitusamninga.

Sölu á ótryggu rafmagni til nýrra viðskiptavina hafi verið hætt eftir gildistöku raforkulaga og markaðsvæðingu raforkukerfisins. Frá árinu 2006 til ársins 2011 hafi ótrygga rafmagnið því eingöngu verið í boði fyrir þá sem gert höfðu samninga um slík kaup fyrir það tímamark. Tekur Landsvirkjun fram að mikil áhersla hafi verið lögð á það af hálfu Orkustofnunar að Landsvirkjun héldi áfram sölu á ótrygga rafmagninu og að verð þess yrði ekki hækkað.

Á árinu 2011 hafi öllum samningum um sölu ótryggs rafmagns til iðnfyrirtækja verið sagt upp og hafi uppsagnir tekið gildi frá 31. desember 2011. Í kjölfarið hafi Landsvirkjun boðið upp á tvær nýjar tegundir af samningum og söluskilmálum, annars vegar samninga um ótryggt rafmagn til húshitunar og hins vegar svokallaða jafnorkusamninga. Tilgangur húshitunarsamninga hafi sem fyrr verið að nýta umframorku í kerfum Landsvirkjunar til að bjóða upp á hagstæðari kjör til fjarvarmaveitna á köldum svæðum. Með því hafi verið stuðlað að því að slíkar veitur gætu tryggt grunnþjónustu við íbúa á köldum svæðum og þá jafnframt búsetuskilyrði til jafns við aðra á landsvísu. Ljóst sé að forsendur séu ekki fyrir rekstri slíkra veitna nema gegn hagstæðari kjörum. Skilyrði fyrir slíkum samningum sé að fjarvarmaveitan búi yfir varaafli, komi til skerðingar. Með jafnorkusamningunum hafi ætlunin enn fremur verið að auðvelda þeim notendum sem áður hefðu keypt ótryggt rafmagn að færa sig yfir á forgangsorku. Jafnorkusamningar hafi verið hugsaðir sem tímabundin ráðstöfun til að gefa sölufyrirtækjum raforku sem keyptu rafmagn af Landsvirkjun í heildsölu, tækifæri á að aðlaga kjör þeirra iðnfyrirtækja, sem fyrir markaðsvæðingu raforkukerfisins hefðu keypt ótryggt rafmagn, að almennum forgangskjörum.

Landsvirkjun hafi síðan hætt sölu á jafnorku til sölufyrirtækja nokkrum árum síðar en aðgerðir Landsvirkjunar á árinu 2011 hafi mætt miklum mótmælum frá endanotendum í iðnaði sem keypt höfðu ótrygga raforku á grundvelli húshitunarsamninga. Það hafi verið vilji Landsvirkjunar að binda sölu á ótryggri orku við fjarvarmaveitur á köldum svæðum þar sem raforka komi í stað annarra orkugjafa. Eins að sala á ótryggri orku til annarra nota verði að fullu aflögð og jafnræðis verði gætt gagnvart endanotendum.

Landsvirkjun tekur fram að það hafi reynst sumum endanotendum á köldum svæðum þungt að færa sig yfir á jafnorkusamninga og síðan á almenna forgangsortkusamninga, einkum vegna þess kostnaðarauka sem því hafi fylgt. Þá hafi þær breytingar sætt mikilli andstöðu í þeim sveitarfélögum sem um ræðir vegna hættu á að starfsemi legðist af eða flyttist úr sveitarfélaginu. Það sé af framangreindum ástæðum sem Landsvirkjun beini því til Samkeppniseftirlitsins hvort félaginu sé heimilt að ganga til samninga við sölufélög um ótrygga orku til fiskþurrkunarfélaga á köldum svæðum, sbr. nánar hér á eftir.

III.

Að mati Landsvirkjunar megi skipta raforkumarkaði í fernt, þ.e. markað fyrir framleiðslu og heildsölu rafmagns, markað fyrir dreifingu rafmagns, markað fyrir flutning rafmagns og loks markað fyrir sölu á rafmagni til endanotenda. Síðastnefnda markaðnum megi skipta í tvennt, þ.e. almennan hluta annars vegar og stórnotendahluta hins vegar. Landsvirkjun tekur fram að staða félagsins á markaði fyrir framleiðslu og heildsölu sé sterk en nærri láti að hlutdeild fyrirtækisins í framleiðslu sé um 80% og þá sé fyrirtækið það eina sem selji rafmagn í heildsölu. Þá sé Landsvirkjun að sama skapi með yfirburðastöðu á markaði fyrir smásölu til stórnotenda.

Landsvirkjun tekur fram að félagið sé eini framleiðandinn sem bjóði upp á ótryggt rafmagn í heildsölu. Að mati fyrirtækisins standi rök til þess að telja sölu á ótryggu rafmagni til sjálfstæðs markaðar en takmörkuð staðganga sé á milli samninga um ótryggt rafmagn annars vegar og jafnorkusamninga hins vegar. Kemur þar til umtalsverður verðmunur en jafnframt, og ekki síður, sú staðreynd að kaupendur ótryggs rafmagns geti þurft að sæta fyrirvaralausri skerðingu. Eins og málið horfi við Landsvirkjun skipti hins vegar ekki sköpum við úrlausn málsins hvort sala á ótryggu rafmagni teljist til sjálfstæðs markaðar eða hluta heildsölumarkaðar. Í báðum tilvikum sé um að ræða starfsemi á heildsölustigi þar sem Landsvirkjun sé í ráðandi stöðu.

IV.

Eins og frammar segir hefur Landsvirkjun hug á því að gera samninga við sölufyrirtæki um rafmagn til fyrirtækja sem starfa við fiskþurrkun á köldum svæðum. Með köldum svæðum er átt við svæði þar sem ekki er mögulegt að notast við jarðhita til þurrkunar. Skilyrði fyrir kaupum endanotenda verði að uppsett afl búnaðar, sem nýti rafmagn samkvæmt umræddum samningi, sé að lágmarki 5 GWh af raforku á ári. Kaupskylda umræddra fyrirtækja þurfi að nema umræddum 5 GWh á ári og hlutfallist hún eftir fjölda daga á ári sem Landsvirkjun bjóði upp á rafmagnið óskert. Þá verði forsenda slíks samnings að notandi geti hætt notkun rafmagnsins fyrirvaralaust að ósk seljanda og af þeim sökum sé mikilvægt að tryggt sé að kaupandi geti gripið til annarra orkugjafa komi til skerðingar. Áskilið verði að umrædd fyrirtæki lýsi því yfir gagnvart orkusala hvernig þau hyggist starfa

þegar raforka verði skert. Óheimilt verði að nota rafmagnið til annarrar starfsemi en fiskþurrkunar og muni orkusali hafa rétt til að rifta samningi ef brotið verði gegn þessum skilmála. Landsvirkjun geti skert afhendingu með stuttum fyrirvara, enda verði ekki um forgangsrafmagn að ræða. Þá verði sett skilyrði um að kaupanda verði einungis heimilt að nýta umrætt rafmagn sem selt verði á grundvelli samningsins til fiskþurrkunar á köldum svæðum og beri samkvæmt samningnum að veita upplýsingar um þá rafmagnsmæla notenda sem falla undir samninginn.

V.

Landsvirkjun vísar til þess að skv. 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga séu samningar og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja bannaðar þegar þær hafa að markmiði að hafa áhrif á t.d. verð eða skiptingu markaða. Af orðalaginu hafi verið talið leiða að háttsemi sem hér falli undir geti talist ólögmat án tillits til þess hvort hún hafi í reynd haft áhrif á markaðnum. Þótt ákvæðinu sé einkum beint gegn samningum eða samvinnu fyrirtækja sem starfi á sama sölustigi þá sé ljóst að það geti einnig tekið til samninga fyrirtækja sem starfi á sitt hvoru sölustiginu, þ.e. svokallaðra lóðréttra samninga.

Eins og ráða megi af framangreindri atvikalýsingu hafi Landsvirkjun hug á því að gera lóðrétta samninga við smásölufyrirtæki sem bundnir verða við sölu á ótryggðu rafmagni til fiskþurrkana á köldum svæðum. Af samningunum leiði að frelsi viðkomandi smásala til sölu á hinu ótrygga rafmagni sé skert. Hugsanlega megi því færa rök fyrir því að samningurinn feli að þessu leyti í sér óbeina markaðsskiptingu. Þá sé með samningnum stuðlað að því að tilteknir endanotendur fái notið raforku á lægra verði en gengur og gerist í almennum heildsölusamningum. Þess sé þó að gæta að ákvörðun um verðlagningu rafmagnsins til endanotanda sé alfarið í höndum smásalans og muni Landsvirkjun eðli málsins samkvæmt engin afskipti hafa af henni.

Það er mat Landsvirkjunar, með vísan til framangreinds, að samningur um þetta efni við smásölufyrirtæki kunni að vera andstæður 10. gr. samkeppnislaga. Að mati Landsvirkjunar sé því nauðsynlegt að óska eftir undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga enda telji fyrirtækið skilyrði þeirrar greinar uppfyllt. Vísar Landsvirkjun í því sambandi til þess að með sölu á ótryggu rafmagni sé leitast við að nýta auðlind sem ella færi til spillis. Dregið verði úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda sem í seinni tíð hafi verið talinn mikill kostur í baráttu gegn loftslagsbreytingum. Auk þess sé með samningunum leitast við að koma til móts við þarfir sveitarfélaga á köldum svæðum með því að stuðla að því að starfsemi fái þrífist þar sem ella yrði að líkindum lögð niður eða flutt úr viðkomandi byggðarlagi. Með samningum um ótrygga orku sé stuðlað að því að framleiðslukostnaður viðkomandi fyrirtækja lækki, sem aftur ætti að öllu jöfnu að leiða til lægri og samkeppnishæfara verðs á afurðum. Landsvirkjun fær heldur ekki séð að með samningunum séu lögð höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem séu óþörf og nauðsynleg til að settum markmiðum verði náð. Af eðli vörunnar leiðir að skilyrði um heimild til skerðingar þurfi að vera til staðar og séu forsenda þess að unnt sé að bjóða upp á rafmagn á lægra verði. Lykillinn að því að selja ákveðnum endanotendum ótryggt rafmagn, sem óhjákvæmilega þurfi að fara um flutnings- og dreifikerfið á leið sinni til notenda og blandast þar rafmagni frá öðrum vinnsluaðilum, sé að Landsvirkjun hafi forræði á því hvenær afhending ótryggs rafmagns sé skert eða afhent. Það verði ekki gert nema Landsvirkjun geti fylgst með því hvernig endanotandi ótrygga rafmagnsins hlíti afhendingarskilmálum ótrygga rafmagnsins og að vinnsluaðilinn geti séð

og haft áhrif á það hvenær endanotandinn skerðir rafmagnið og hvenær ekki. Afhending ótryggs rafmagn geti verið skert í þurrum vatnsárum og því sé það nauðsynlegt fyrir vinnsluaðila ótryggs rafmagns að geta stýrt því hvenær endanotandinn kaupir ótrygga rafmagnið. Þurfi endanotandinn þá að vera búinn að gera ráðstafanir með því að nýta sér aðra orkugjafa eða skipta yfir á forgangsrafmagn ef svo beri undir.

Telur Landsvirkjun ljóst að skilyrða þurfi sölu á raforkunni við rekstur á köldum svæðum enda sé með því stuðlað að því að auka samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem um ræði. Samningarnir muni taka til allra fyrirtækja sem eins sé ástatt um, þ.e. allra fiskþurrkunarfyrirtækja á köldum svæðum sem uppfylli lágmarksskilyrði um árlega notkun. Með því sé leitast við að tryggja jafnræði og vinna gegn hugsanlegri samkeppnisröskun. Þá telji Landsvirkjun að með samningunum sé stuðlað að því að fiskþurrkanir á köldum svæðum geti keppt á jafnræðisgrundvelli við fiskþurrkanir á heitum svæðum sem búi við betri framleiðsluskilyrði.

Þá sé Landsvirkjun eini framleiðandinn sem bjóði upp á ótryggt rafmagn. Af þeim sökum verði ekki annað séð en að þeir samningar sem hér um ræðir hafi engin eða mjög takmörkuð áhrif á markaði fyrir framleiðslu og heildsölu á rafmagni. Kaupendur, sem margir hverjir séu jafnframt framleiðendur, kaupir þessa vöru af Landsvirkjun og selji með álagningu til endanotenda. Kaupendur eigi jafnan aðgang að þessum samningum enda sé það svo í framkvæmd að það sé endanotandi sem velji sér smásala sem síðan kaupir eftir samningnum af Landsvirkjun. Landsvirkjun fái því ekki séð að samningarnir veiti fyrirtækjunum færi á að koma í veg fyrir samkeppni heldur stuðli þeir þvert á móti að aukinni samkeppni og lægri verðum.

VI.

Fram hefur komið af hálfu Landsvirkjunar, að félagið hafi með sölu á ótryggu rafmagni, fyrst og fremst verið að nýta umframorku úr vinnslukerfi fyrirtækisins og þannig koma í veg fyrir að vatn renni ónýtt til sjávar. Þá hafi tilgangur með framangreindri sölu einnig verið sá að draga úr mengun af völdum notkunar olíu til ýmiss konar hitunar. Að mati fyrirtækisins standi rök til þess að telja sölu á ótryggu rafmagni til sjálfstæðs markaðar og að rök mæli með því að takmörkuð staðganga sé á milli samninga um ótryggt rafmagn annars vegar og jafnorkusamninga hins vegar. Kemur þar til umtalsverður verðmunur en jafnframt, og ekki síður, sú staðreynd að kaupendur ótryggs rafmagns geti þurft að sæta fyrirvaralausri skerðingu.

Landsvirkjun sagði á árinu 2011 upp öllum samningum um sölu ótryggs rafmagns til iðnfyrirtækja og tóku þær uppsagnir gildi frá 31. desember 2011. Í kjölfarið bauð Landsvirkjun upp á tvær nýjar tegundir af samningum og söluskilmálum, annars vegar samninga um ótryggt rafmagn til húshitunar og svokallaða jafnorkusamninga. Fram kemur að það hafi reynst sumum endanotendum á köldum svæðum þungt að færa sig yfir á jafnorkusamninga og síðan á almenna forgangsorkusamninga, einkum vegna þess kostnaðarauka sem því hafi fylgt. Þá hafi þær breytingar sætt mikilli andstöðu í þeim sveitarfélögum sem um ræðir vegna hættu á að starfsemi legðist af eða flyttist úr viðkomandi sveitarfélagi. Eins og staðan er í dag hafi Orkusalan samning við Landsvirkjun vegna eins viðskiptavinar utan opinberra aðila, um rafhitum á heitu vatni til húshitunar í fjarvarmaveitum eða húshitunarstarfsemi á köldum svæðum.

Það sé m.a. af framangreindum ástæðum sem Landsvirkjun óski eftir undanþágu til þess að gera lóðrétt samninga við smásölufyrirtæki á rafmagni um sölu á ótryggri raforku til fiskþurrkunarfyrirtækja á köldum svæðum. Væru slíkir samningar háðir ákveðnum skilyrðum um m.a. umfang viðskipta og afhendingaröryggi, sbr. drög að samningi þess efnis sem fylgdi beiðni Landsvirkjunar. Munu öll fiskþurrkunarfyrirtæki á köldum svæðum eiga þess kost að kaupa ótryggt rafmagn af þeim smásöluaðila sem þau kjósi sér. Er það gert í þeim tilgangi að jafna og bæta samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem starfa við fiskþurrkun á köldum svæðum.

Í máli þessu er til úrlausnar það afmarkaða álitaefni hvort verða skuli við beiðni Landsvirkjunar undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga frá banni 10. gr. sömu laga við samstarfi fyrirtækja. Lúta áform Landsvirkjunar að því að gera lóðrétt samninga við smásala um sölu á ótryggri orku til fyrirtækja í fiskþurrkun á köldum svæðum. Í málinu eru ekki til skoðunar önnur álitaefni, s.s. hvort áformin séu í samræmi við ríkisstyrkjareglur o.fl. á Evrópska efnahagssvæðinu, enda er það ekki á valdssviði eftirlitsins.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að undanþágubeiðni Landsvirkjunar sé rétt fram borin. Eins og áformin hafa verið kynnt samkvæmt framangreindu er það ennfremur mat eftirlitsins að skilyrði 15. gr. til undanþágu séu uppfyllt, enda bjóðist öllum smásöluaðilum rafmagns að gera samninga um ótryggt rafmagn til fiskþurrkunarfyrirtækja á köldum svæðum með þeim kvöðum sem þessari sölu eru settar. Þá er það á hendi smásöluaðila viðkomandi rafmagns að ákveða smásöluverð til fiskþurrkunarfyrirtækja á köldum svæðum.

Með hliðsjón af framangreindu veitir Samkeppniseftirlitið Landsvirkjun umbeðna undanþágu til að gera samninga við sölufyrirtæki raforku um sölu á ótryggri orku til fyrirtækja sem stunda fiskþurrkun á köldum landsvæðum.

VII.

Ákvörðunarorð:

Landsvirkjun er veitt undanþága á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 til að gera samninga við smásölufyrirtæki rafmagns vegna sölu á ótryggri orku til fyrirtækja sem stunda fiskþurrkun á köldum landsvæðum.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson